

**Viðauki við samkomulag**

**fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs  
annars vegar  
og  
Félag geislafræðinga  
hins vegar**

**um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

**undirrituðu 28. maí 2014**

**Bókun 1**

Aðilar eru sammála um að beina því til stofnana þar sem geislafræðingar starfa, að staða þeirra innan viðkomandi stofnana fái sérstaka athygli. Stofnanir í samstarfi við Félag geislafræðinga meti á þessu ári innbyrðis stöðu geislafræðinga og sambærilegra stétta með sambærilegt háskólanám. Sjónum verði einnig beint að starfsþróun þeirra sem yngstir eru í starfi með það að markmiði að bæta möguleika til nýliðunar. Þessari vinnu verði lokið fyrir 1. desember 2014.

Reykjavík, 28. maí 2014

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra með  
með fyrirvara um samþykki

*Ágústa H. Gústafsdóttir (sign.)*  
*Pétur Jónasson (sign.)*  
*Oddur Gunnarsson (sign.)*

f.h. Félags geislafræðinga  
með fyrirvara um samþykki  
félagsmanna

*Halla Grétarsdóttir (sign.)*